

Priðjudaginn 28. október 1947.

Nr. 50/1946. **Réttvísinn** (Hrl. Gústaf A. Sveinsson)

gegn

Jens Björgvin Pálssyni

(Hrl. Einar Arnórsson).

Landráð.

Dómur hæstaréttar.

Bandaríki Norður Ameríku fóru samkvæmt samningi frá 10. júlí 1941 með hvernd Íslands á þeim tíma, er ákærði játaðist undir að fremja njósnir fyrir herveldi, sem átti í styrjöld við Bandaríkin, og sendi í framhaldi af því veður-skeyti utan af hafi til fyrirsvarsmanna greinds herveldis. Fræðsla, er íslenzkir menn veittu óvinaríki Bandaríkjana um atriði, sem því mátti að haldi koma í styrjöldinni, og aðstoð íslenzkra manna við hernað slíks óvinaríkis Bandaríkjana miðaði samkvæmt þessu að því að veikja viðnámsprótt íslenzka ríkisins. Athafnir ákærða varða því við 2. mgr. 89. gr. laga nr. 19/1940 auk 93. gr. sömu laga. Sending njósnarskeyta þeirra, er fyrr greinir, frá íslenzku skipi, sem gert var út héðan, hlaut og að valda hættu á aukinni ihlutun herstjórna Breta og Bandaríkjamanna um siglingar landsmanna almennt. Þetta mátti ákærða vera ljóst, og varðar athæfi hans því einnig við 88. gr. nefndra laga. Högum ákærða var þannig háttað, að hann gat búizt við harðræðum, ef hann synjaði aðstoðar. Ber af þeim sökum að ákveða refsingu ákærða með hliðsjón af 6. tl. 74. gr. laga nr. 19/1940. Hins vegar er það refsipýngjandi atriði, að hann varðveitti og leyndi senditæki því, sem honum hafði verið fengið til framkvæmdar njósnarstarfsemi sinni. Olli hegðun ákærða í sambandi við varðveizlu tækis þessa og útbúnaðar þess, að saklausir menn íslenzkir, sem í grandleysi höfðu við munum þessum tekið, voru grunaðir um samsekt í njósnarathöfnum og því fluttir til Bretlands og hafðir þar nokkra mánuði í varðhaldi.

Refsing ákærða þykir hæfilega ákveðin fangelsi 20 mánuði. Samkvæmt lögjöfnun frá 76. gr. sbr. 4. mgr. 8. gr. laga nr. 19/1940 svo og samkvæmt 76. gr. beinlínis ákveðst, að

varðhaldsvist ákærða vegna máls þessa bæði erlendis og hér á landi komi í stað refsingar.

Ákvæði héraðsdóms um sviptingu réttinda og málskostnað í héraði staðfestist.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, kr. 2000.00 til hvors.

D ó m s o r ð :

Ákærði, Jens Björgvin Pálsson, hefur unnið til 20 mánaða fangelsisvistar, en varðhaldsvist hans vegna máls þessa bæði erlendis og hérlendis skal koma í stað refsingar. Ákvæði héraðsdóms um sviptingu réttinda og málskostnað í héraði staðfestist.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, hæstaréttarlögmanna Gústafs A. Sveinssonar og Einars Arnórssonar, kr. 2000.00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Sératkvæði hæstaréttardómaranna

Gizurar Bergsteinssonar og Árna Tryggvasonar.

Við erum samþykkir forsendum og niðurstöðu hæstaréttardómsins að frá skilinni vitnun til 88. gr. hegningarláganna og rökstuðningi fyrir þeirri tilvitnun. Það varðar ákærða ekki sérstaklega við 88. gr., þar sem lögð er refsing við því að koma af stað eða valda hættu á óumbeðinni íhlutun erlends ríkis, þótt það hlytist af njósnum hans, sem heimfærðar eru undir hin viðtæku refsíákvæði 2. mgr. 89. gr. og 93. gr., að styrjaldaraðili sá, sem falin var með sáttmála hvernd Íslands og þar með vernd gegn hernjósnum, hóf rannsókn vegna atferlis ákærða svo og til prófunar á því, hvort aðrir menn kynnu að vera honum samsekir, en ekkert er fram komið, er bendi til annarrar íhlutunar um íslensk mál-efni af hendi herstjórnarinnar vegna háttarnis ákærða. Refsíákvæði 88. gr. voru og í núverandi mynd sinni sett aðallega

til verndar gegn misferli, sem sérákvæði X. kafla hegningarlaganna taka ekki yfir. Hin þungu viðurlög, sem 93. gr. og 2. mgr. 89. gr. leggja við því að veikja með njósnum viðnámsþrótt íslenzka ríkisins á styrjaldartímum, taka einnig til þess þáttar í atferli ákærða, að af því hlaut eða kynni að hljótast rýrt athafnafrelsi íslenzkra aðilja vegna rannsókna ríkis þess, sem hververndin var fengin, á her-njósnum.

Dómur aukaréttar Reykjavíkur 12. febrúar 1946.

Ár 1946, þriðjudaginn 12. febrúar, var í aukarétti Reykjavíkur, sem haldinn var á skrifstofu sakadómara af Bergi Jónssyni sakadómara kveðinn upp dómur í málinu nr. 3655/1945: Réttvisin gegn Jens Björgvin Pálssyni.

Málið er höfðað gegn ákærða að fyrirlagi dómsmálaráðuneytisins fyrir brot gegn X. kafla almennra hegningarlaga. Það var dómtekið hinn 17. október s. l.

Ákærði er Jens Björgvin Pálsson loftskiptamaður, til heimilis hér í bæ. Hann er fæddur 9. marz 1916 í Reykjavík. Hann hefur sætt þessum refsingum:

1937 1% Sætt, 25 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.

1938 2 $\frac{1}{2}$ % Sætt 20 kr. sekt fyrir brot á 4. og 9. gr. lögreglusamþykktar Reykjavíkur.

Ákærði var loftskiptamaður á mótorskipinu Arctic, sem var í eigu fiskimálanefndar. Skip þetta kom með farm til Vigo á Spáni hinn 20. desember 1941. Þar dvaldist skipið sakir ýmis konar tafa fram til 15. febrúar 1942, er það lagði af stað til Íslands aftur.

Skömmu áður en skipið fór frá Vigo, kom skipstjóri þess, sem nú er látinn, á fund ákærða og tjáði honum, að hann væri kominn í samband við Þjóðverja, sem hefðu beðið sig að senda veðurskeyti á leiðinni til Íslands, og kvað þá hafa haft í hótunum, að skipið myndi ekki komast lengra en út fyrir landhelgislinu Spánar, nema gengið væri að þessu. Að sögn ákærða, kvað skipstjóri það vera sitt álit, að þeir yrðu að ganga að þessari kröfu Þjóðverjans, og það væri einnig álit íslenzka konsúlsins þar, en hins vegar kvaðst skipstjóri ekki mundu neyða hann til eins eða neins í þessu sambandi.

Eftir að ákærði hafði haft umhugsunarfræst, gekk hann með skipstjóra á fund íslenzka konsúlsins, og komu þá einnig til hans nokkrir Þjóðverjar. Þjóðverjarnir lögðu fyrir hann að taka við senditækjum og senda veðurskeyti til þeirra á leiðinni heim. Hét ákærði því. Síðar fóru þeir fram á, að hann sendi einnig veður-fregnir frá Íslandi, og lofaði ákærði að gera það, ef hann gæti. Þá

fóru Þjóðverjarnir fram á, að hann sendi fregnir um skipalestir, er hann yrði var við á leiðinni. Kveðst ákærði hafa svarað því svo, að hann sæi hvað setti, og mundi gera það, ef hann sæi fram á, að hann yrði ekki miðaður, en það kveðst hann hafa óttazt og bent Þjóðverjunum á. Loks lögðu þeir fyrir ákærða að senda sér blöð og blaðaúrklippur frá Íslandi, eftir að hann væri þangað kominn, og hét hann því. Í öllum þeim viðtölum, er ákærði átti við Þjóðverjana, kveður hann þá hafa sífellt ógnað sér með því, að þeir myndu láta sökkva skipinu á leiðinni, ef hann ekki gengi að þessum kröfum þeirra, og kveðst hann hafa játazt undir þetta einungis vegna þessara ógnana og vegna þess, að hann taldi sér ekki fært að neita þeim og eiga á hættu, að Þjóðverjarnir efndu þær og sökktu skipinu og týndu mannlífum.

Þeir ákærðu og skipstjóri tóku síðan við senditæki af Þjóðverjunum ásamt coda. Á þetta senditæki kveðst ákærði hafa á heimleiðinni sent 7 veðurskeyti, það síðasta, er skipið var ca. 200 mílur suður af Íslandi. Hann telur veðurfregnir sínar hafa verið ónákvæmar.

Er þeir komu upp undir land, varð orðræða með þeim ákærða og skipstjóra um, hvað gera skyldi við senditækið og codann, og varð það úr, að skipstjóri kom tækinu í land, en ákærði codanum.

Ákærði segir, að Þjóðverjarnir hafi ekki talað um greiðslu fyrir þetta. En síðar kom skipstjóri til hans og afhenti honum 1400 eða 1500 peseta fyrir starf hans. Kvaðst skipstjóri sjálfur hafa fengið sömu greiðslu. Sömu upphæð áttu þeir og að fá greidda, er þeir kæmu aftur, og átti hún að geymast hjá íslenzka ræðismanninum. Var þetta fé framboðið af Þjóðverjunum, en þeir ákærði og skipstjóri voru á einu máli um það, að ekki væri fært að neita að taka við fénu. Hins vegar kveður ákærði, að miðað við atvinnutekjur sínar hafi þessi upphæð verið sér harla lítils virði.

Svo fór sem ákærða hafði órað fyrir, að stöð hans var miðuð, og var hann því handtekinn af brezkum hernaðaryfirvöldum ásamt allri skipshöfn skipsins í aprilmánuði 1942. Var ákærði síðan hafður í haldi hjá hernaðaryfirvöldunum allt fram til 3. ágúst s. l., er hann var afhentur íslenzkum yfirvöldum í því skyni, að mál hans yrði tekið til meðferðar hér, og var hann þá úrskurðaður í gæzluvarðhald og sat í því þar til 14. s. m.

Með því að ráðast í þessa þjónustu Þjóðverja hefur ákærði gerzt sekur við 93. gr. almennra hegningarlaga nr. 19 frá 12. febrúar 1940. Hins vegar verður að virða honum til vorkunnar þær hótanir, sem hann var beittur, er ekki vörðuðu einungis líf hans, heldur og allrar skipshafnar skipsins, og ekki er ástæða til að rengja frásögn hans um, svo og það, að Þjóðverjarnir virðast hafa haft fulltingi íslenzka ræðismannsins til þessarar framkomu sinnar. Ber að taka tillit til þess til refsilækkunar samkvæmt 74.

gr. 6. tölul. almennra hegningarlaga. Þykir því eftir atvikum refsing hans hæfilega ákveðin 3 mánaða varðhald. En með tilliti til hinnar löngu frelsissviptingar, er hann hefur þegar þolað, þykir mega ákveða, að refsing hans falli niður samkvæmt 76. gr. alm. hegningarlaga beinlínis og analogice. Þá þykir og rétt að svipta ákærða kosningarrétti og kjörgengi til opinberra starfa og annarra almennra kosninga frá lögbirtingu dóms þessa að telja samkvæmt 68. gr. hegningarlaganna. Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar, þar með talin málsvarnarlaun til skipaðs talsmanns síns, Einars Arnórssonar hrl., er þykja hæfilega ákveðin 1000 krónur. Málið hefur verið rekið víðalaust.

Dráttur sá, sem orðinn er á dómsuppsögn, stafar af annriki dómarsans.

D ó m s o r ð :

Ákærði, Jens Björgvin Pálsson, sæti 3ja mánaða varðhaldi.

Með tilliti til langvarandi frelsissviptingar hans undir meðferð málsins skal refsivist hans falla niður.

Ákærði skal sviptur kosningarrétti og kjörgengi til opinberra starfa og til annarra almennra kosninga frá lögbirtingu dóms þessa að telja.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar, þar með talin málsvarnarlaun til skipaðs talsmanns síns, Einars Arnórssonar hrl., kr. 1000.00.

Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.

Þriðjudaginn 28. október 1947.

Nr. 29/1947. Réttvísinn og valdstjórnin

(Hrl. Einar Arnórsson)

gegn

Þorsteini Axel Tryggvasyni

(Hrl. Lárus Jóhannesson).

Setudómari próf. Ísleifur Árnason
í stað hrd. Jóns Ásbjörnssonar.

Manndráp af gáleysi. Brot gegn umferðarlögum og bifreiðalögum.

Dómur hæstaréttar.

Það athugast, að aðeins var byrjað að rökkva, þegar slys það varð, sem í málinu greinir. Að öðru leyti er atvikum málsins rétt lýst í héraðsdómi, og verður að telja, að ákærði